

# Lög Félags prófessora við ríkisháskóla

## 1. gr. Nafn og heimili

Félagið heitir Félag prófessora við ríkisháskóla. Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík.

## 2. gr. Aðild

Félagsmenn eru prófessorar fastráðnir við íslenska ríkisháskóla, þ.e. Háskóla Íslands, Háskólann á Akureyri, Landbúnaðarháskóla Íslands og Hólaskóla – Háskólann á Hólum.

Auk þess er lektorum og dósentum, sem eru fastráðnir við framagreiðna háskóla, heimil aðild að félaginu.

Prófessorar, sem látið hafa af starfi sínu við einhvern ríkisháskólann fyrir aldurs sakir, vegna veikinda eða af öðrum sambærilegum ástæðum (professores emeriti), eru félagsmenn án atkvæðisréttar.

## 3. gr. Hlutverk

Hlutverk félagsins er:

1. Að vinna að kjara- og réttindamálum félagsmanna.
2. Að standa vörð um réttarstöðu félagsmanna.
3. Að efla samtakamátt og samheldni félagsmanna.
4. Að efla vöxt og viðgang háskólastarfs í þjóðfélaginu.
5. Að styrkja tengsl félagsmanna við starfssystkini innan lands og utan.
6. Að vera málsvari félagsmanna gagnvart yfirvöldum háskólanna og öðrum stjórnvöldum.

## 4. gr. Aðalfundur

Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum félagsins. Aðalfundur skal halda í maímánuði ár hvert. Skal til hans boðað skriflega með minnst 10 daga fyrirvara. Aðalfundur er lögmætur, sé löglega til hans boðað. Á aðalfundi ræður afl atkvæða við afgreiðslu mála nema um tillögur til lagabreytinga, sjá 7. gr.

Dagskrá aðalfundar skal vera sem hér segir:

1. Lögð fram ársskýrsla stjórnar.
2. Lagðir fram endurskoðaðir ársreikningar.
3. Tillögur um lagabreytingar, ef fram koma.
4. Ákveðið félagsgjald og samningaréttargjald, sbr. 6. og 10. gr.
5. Stjórnarkjör, sbr. 8. gr.
6. Kosið í samninganefnd, sbr. 10. gr.
7. Kosnir tveir skoðunarmenn reikninga
8. Önnur mál.

## 5. gr. Ársreikningar

Fjárhagsár félagsins er almanaksárið. Uppgjör og endurskoðaðir ársreikningar, gerðir af löggiltum endurskoðanda, skulu liggja frammi á skrifstofu félagsins viku fyrir aðalfund.

## 6. gr. Árgjöld

Félagsgjald og samningsréttargjald skulu ákveðin á aðalfundi ár hvert. Ekkert gjald skal innheimt af félagsmönnum sem látið hafa af starfi, sbr. 3. mgr. 2. gr.

## **7. gr. Lagabreytingar**

Lögum félagsins verður aðeins breytt á aðalfundi. Tillögum um lagabreytingar skal skilað til stjórnar félagsins eigi síðar en 15. apríl. Lagabreytingartillagna skal getið í aðalfundarboði og þær sendar félagsmönnum. Til samþykktar lagabreytinga þarf 2/3 hluta greiddra atkvæða.

## **8. gr. Stjórn**

Stjórn félagsins skal kosin til eins árs í senn. Hún skal skipuð fimm mönnum og þremur til vara. Formann skal kjósa sérstaklega.

Stjórnarmenn skipta með sér verkum á fyrsta stjórnarfundum eftir aðalfund. Jafnframt skal á þeim fundum ákveða, í hvaða röð varamenn taki sæti í aðalstjórn í forföllum stjórnarmanna.

Stjórn félagsins ræður málefnum þess með þeim takmörkunum, sem lög þessi setja.

## **9. gr. Stjórnarfundir**

Stjórnarfundur skal boðaður með tryggilegum hætti og með eins dags fyrirvara, ef unnt er. Stjórnarfundur er ályktunarhæfur, ef þrjú stjórnarmenn hið minnsta sækja fundinn. Afl atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundum. Gerðir stjórnarinnar skulu færðar til bókar.

Varamönnum skal heimil fundarseta, þótt aðalstjórn sé fullskipuð. Varamenn skulu fá fundarboð og fundargögn send.

## **10. gr. Samninganefnd**

Fimm manna samninganefnd, kosin á aðalfundi til eins ár í senn, hefur með höndum gerð kjarasamninga fyrir hönd félagsins. Formaður samninganefndar skal vera stjórnarmaður í félaginu. Nefndin skal láta stjórn félagsins fylgjast reglulega með vinnu við kjarasamningagerð.

Allir prófessorar við ríkisháskólana, hvort sem þeir eru félagsmenn eða ekki, skulu greiða sérstakt samningsréttargjald til félagsins, sbr. 2. mgr. 7. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Sama gildir um lektora og dósenta sem fengið hafa aðild að félaginu.

## **11. gr. Nefndir**

Félagsmenn við hvern ríkisháskóla um sig geta kosið nefndir til að fjalla um sérmálefni síns skóla og valið fulltrúa í stjórnarsýslunefndir þess skóla, ef um það er að ræða.

## **12. gr. Félagsfundir**

Almennan félagsfundur skal að jafnaði boðaður með minnst þriggja daga fyrirvara og skal dagskrá tilgreind í fundarboði. Félagsfundur er lögmatúr, sé löglega til hans boðað.

Stjórn er skylt að boðaðu til félagsfundar, ef minnst tuttugu félagsmenn krefjast þess skriflega.

## **13. gr. Gildistaka**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 2. og 3. mgr. 10. gr. skal ekkert árgjald tekið af lektorum og dósentum fyrr en við upphaf þess mánaðar eftir að Félag prófessora við ríkisháskóla hefur hlotið umboð til kjarasamningsgerðar fyrir lektora og dósentna.

Lög þessi voru samþykkt á aðalfundi Félags prófessora við ríkisháskóla 14. maí 2013.